



ÁRSSKÝRSLA LEIKSKÓLANS HÆÐARBÓLS

Skólaárið 2017-2018



Garðabær í júlí 2018

Sigurborg Kristjánsdóttir, leikskólastjóri Hæðabóls

Formáli

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir mati innra á starfi leikskólans Hæðarbóls síðasta starfsárs. Gerð er grein fyrir gagnaöflunarleiðum sem farnar voru og hvernig unnið var úr gögnunum. Þá er gerð stutt grein fyrir mati á starfs- og matsskýrslum en fylgiskjalið sem fylgir þessari skýrslu greinir hvern matsþátt betur. Einnig er gerð grein fyrir nýbreytni- og þróunarverkefnum og framgangi þeirra sem og samsetningu barnahópsins og mannauði sem leikskólinn bjó yfir. Líka er sagt frá því hvernig staðið var að stoðþjónustu, samstarfi við foreldra, starfsþróun kennara, samráðsfundum, öryggismálum og öðru er varðar húsnæði og viðhaldi skólahúsnæðisins.

Síðasta skólaár hefur verkefnisstjóri leikskóla verið ötul við innleiðslu á nýbreytni um lögboðið mat á skólastarfs og innleitt nýtt form til þess að vinna starfs- og matsskýrslur sem auðveldar yfirferð og upplýsingamiðlun um framgang matsins. Formið hefur auðvelda kennurum og öðrum stjórnendum að ígrunda eigið starf með markvissari hætti en áður. Við þökkum Halldóru þessa vinnu.

Símat var í gangi allan veturinn því starfs- og matsáætlanirnar gerðu kröfur til þess að kennara og stjórnendur væru á tánum til þess að ná settum markmiðum.

Fylgiskjalið sem getið var um hér að ofan og fylgir þessari skýrslu er sett þannig upp að allir þættir starfs- og matsáætlunarinnar eru í dálkum eins og þeir birtust í starfs- og matsáætlunum síðasta árs. Í síðasta dálknum eru gefnar einkunnir á kvarðanum 1-5. Fimm er ígildi þess að kennarahópurinn hafi náð öllum markmiðunum sem sett voru í starfs- og matsáætluninni en einn þýðir að ekki hafi verið lag úr vör með verkefnið eins og áætlað var. Von mín er sú að þessi leið auðveldi lögboðnum aðilum að yfirfara starfs- og matsáætlun síðasta skólaárs.

Efnisyfirlit

Formáli.....	1
Inngangur	3
Niðurstöður gagnaöflunarleiða	3
Matsfundur 11. maí.....	3
Starfsmannaviðtöl	4
Rýnihópsviðtöl við tvo elstu árganga leikskólans.....	4
Rýnihópsviðtöl við deildarstjóra.....	4
Skýrslur deildarstjóra.....	4
Náms- og örsögur einstakra barna	5
Foreldraviðtöl	5
Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Hæðarbóls	5
Netkannanir meðal kennara.....	5
Innrastarfið	6
Mat á starfsáætlun	6
Mat á tímalínu starfsáætlunar.....	6
Fræðsla til kennara	7
Mat á matsáætlun	7
Nýbreytni og þróunarverkefni	7
Barnahópurinn.....	7
Stoðþjónusta	7
Mannauður leikskólans	8
Starfsþróun.....	8
Samráðsfundir	8
Foreldrasamstarf	8
Öryggismál.....	9
Húsnæði og viðhald	9
Lokaorð.....	10

Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 ber leikskólastjóra að gefa út sérstaka starfsáætlun þar sem gerð er grein fyrir starfi komandi starfsárs byggða á skólanámskrá og mati á skólastarfi liðins starfsárs. Þá kemur líka fram í lögnum að hver leikskóli eigi að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla með virkir þátttöku starfsmanna, barna og forelda eftir því sem við á. Þá kveða löginn einnig á um það að leikskólinn birti opinberlega upplýsingar um innamat, tengsl þess við skólanámskrá og umbætur.

Stoðir í þessari skýrslu er byggðar á framangreindum gögnum sem unnin voru á:

- matsfundum sem haldinn var og skráður 11. maí sl. á skipulagsdegi meðal alls starfsfólks,
- viðtölum við alla kennara leikskólans á vorönn sem leikskólastjóri tók,
- viðtölum við börn leikskólans í tveimur elstu árgöngunum sem aðstoðarleikskólastjóri tók
- rýnihópsviðtölum við deildarstjóra,
- skýrslum deildarstjóra um mat sinnar deildar,
- náms-og örsögum einstakra barna sem kennarar hafa safnað saman í ferilmöppur barnanna
- foreldraviðtölum sem voru tekin bæði á haust og vorönn,
- viðhorfskönnun meðal allra starfsmanna leikskólans sem Skólapúlsinn gerði fyrir hönd Garðabæjar um: a) viðhorf til leikskólans, b) uppeldi og menntun og c) símenntun og undirbúningstíma og
- netkannanir meðal kennara um framgang starfs- og matsáætlunar í október 2017 og febrúar 2018

Niðurstöður gagnaöflunarleiða

Hér að á næstu síðum verður gerð grein fyrir hvernig staðið var að gangaöflun og hvernig unnið var úr gögnunum sem safnað var og hvernig niðurstöður voru kynntar. Í stuttu máli má segja að það var mikill samhljómur í niðurstöðunum með þeim gögnum sem safnað var meðal kennara, foreldra og barna sem er jákvætt og leiðir líkum á áreiðanleika niðurstaðnanna.

Matsfundur 11. maí

Á matsfundinum sem haldinn var 11. maí sl. á skipulagsdegi var farið yfir alla þætti starfs- og matsáætlunina fyrir skólaárið 2017-2018. Þessi fundur var nokkurskonar rýnihópsfundur með öllum starfsmönnum leikskólans. Samhljómur var meðal allra kennara að þeir hafi í allflestum tilfellum náð markmiðunum sem sett voru fram í starfáætlun, sjá fylgiskjal. Það sem helst stóð út af voru göngu-og vettvangsferðir á yngstu deildinni en þar voru kennara á því að þeir hefðu getað gert betur. Helstu hindranir fyrir því að ekki gekk betur að þeirra mati var samsetning barnahópsins. Kennararnir á hinum deildunum voru sáttir með sitt framlag og elsta deildin gerði gott betur en markmiðin sem þeir settu sér því þeir könnuðu nágrenni allra barnanna á deildinni og fóru æði vítt um Garðabæ til þess að heimsækja heimili þeirra allra.

Í spurningakönnunum sem gerðar voru í október og febrúar með rafrænum hætti var spurt um tíðni vettvangsferða með börnunum. Niðurstöðurnar tónuðu vel við það sem fram kom á matsfundinum, rýnihópsviðtölunum sem tekin voru reglulega með deildarstjórum, viðtölunum sem tekin voru við tvo elstu árgangana þegar þau voru spurð út í vettvangsferðir, hvort þau fari oft eða sjaldan og hvor ferðirnar hefðu verið skemmtilegar eða leiðinlegar. Samhljómur var meðal barnanna um að ferðirnar hafi verið mjög skemmtilegar og það sem toppaði upplifun þeirra var að sýna leikskólasystkinum sínum heimili sín.

Starfsmannaviðtöl

Leikskólastjóri tók viðtölum við allt starfsfólk leikskólans á vorönn. Hún spurði meðal annars um líðan í starfi, samskipti innan deildar og innan leikskólans, samskipti við foreldra og stjórnendur, hrós og hvatningu í starfi, vinnuaðstæður, endur-og símenntun til að styðja við starfið auk þess sem boðið var upp á að koma með annað málefni en var á dagskrá að ræða sem fólkið vildi ræða um. Gögnin voru greind með þeim hætti að þau voru flokkuð í þemu í ljósi umræðupunktanna sem settir voru fram í viðtalinu og svo annað. Þegar búið var að greind gögnin voru helstu niðurstöður þær að það væri mikil starfsánægja í leikskólanum, góð líðan í starfi, námskeiðin sem boðið væri upp á í leikskólanum og utan hans væru til fyrirmyndar. Einnig kom fram að heilt yfir væri vinnuaðstaðan góð, fólk fær hrós og hvatningu frá yfirmanni og yfirmönnum og öðru samstarfsfólki. Þessar niðurstöður tóna mjög vel við niðurstöður Skólapúlsins sem og rafrænu spurningakannanirnar sem voru gerðar í október og febrúar. Niðurstöður starfsmannaviðtala voru kynntar á starfsmannafundi í maí.

Rýnihópsviðtöl við tvo elstu árganga leikskólans

Aðstoðarleikskólastjóri tók viðtöl við tvo elstu árganga leikskólans. Hún bauð börnunum í viðtal inn á skrifstofu leikskólastjóra, þar settust þau niður og teiknuðu mynd meðan aðstoðarleikskólastjóri ræddi við þau um hin ýmsu málefni sem tengdist dvöl þeirra og vellíðan í leikskólanum. Meðal þess sem börnin voru beðin um að tjá sig með var; er gaman eða leiðinlegt í leikskólanum, færðu alltaf eða oftast að leika við vin, fáíð þið oft, stundum eða sjaldan að gera matseðilinn, máttu velja þér verkefni í frjálsa leiknum, hvort það væri gaman eða leiðinlegt í útiveru, hvað væri skemmtilegast að gera í útiveru/inniveru, eru allir oftast vinir, er verið að skilja útundan, eru kennarar skemmtilegir eða leiðinlegir, er eitthvað sem er vont sem þau fá að borða, hver er uppáhaldsmatur o.s.frv. Gögnin voru grein og það sem var líkt í svörum barnanna var flokkað í þemu. Niðurstöðurnar voru síðan kynntar á matsfundinum sem haldinn var í maí. Það sem var sérstaklega ánægjulegt með svörin var hve börnin voru jákvæð og ánægð í leikskólanum og tónaði niðurstöðurnar vel við það sem fram kom í foreldraviðtölunum og nám-og örsögunum sem gerðar voru og farið var yfir með foreldrum í foreldraviðtölum. Það stóð til að kynna niðurstöðurnar fyrir foreldrum en ekki varð neitt úr því vegna sérstakra aðstæðna. Ef ástæða þótti til voru álitamálin tekin upp á starfsmannafundum.

Rýnihópsviðtöl við deildarstjóra

Fundir deildarstjóra voru að jafnaði á viku fresti og má segja að þessir fundir hafi einkennst af upplýsingamiðlun, rætt saman um það sem var á döfinni eða þar sem nýliðið var. Marvisst voru þó tekin fyrir atriði í starfsáætluninni eins og framgangi lestrarlæsis með Lubba sem aðalverkfæri, vináttuverkefnisins, gengi í stærðfræði, almenn líðan barnanna, barnakórinn, gengi foreldraviðtala, deildarfunda, mætingar á foreldrafundi og foreldraviðtala, samstarfið við FG um íþróttakennsluna, ferðir sem voru farnar, foreldrakaffi, leiklistarviðburðir, kórferðir o.s.frv. Sjá fylgiskjal. Það sem tekið var úr þessu símati var skráð til þess að nota sem lærdóm til að varða næstu skref og læra af því sem liðið var ef á þurfti. Niðurstöður deildarfunda/ rýnihópsviðtala voru skráðar í fundargerð og sendar í töpósti til allra starfsmanna og lögð fram í setustofu starfsmanna að fundi loknum.

Skýrslur deildarstjóra

Deildarstjórar taka sama stutta skýrslu um starf deildinna með samkennurum að vori og skila til leikskólastjóra. Það var samhljómur í niðurstöðum þessara skýrslna, þar sem áréttað var að starfið hafi gengið eins og áætlað var og tónuðu þær við niðurstöður þess sem kom fram í rýnihópsviðtölunum, viðtölum við börnin, starfsmannaviðtala og rafrænna kannana sem gerðar voru. Deildarstjórar gerður grein fyrir skýrslunum á matsfundinum í maí og í framhaldi lagðar fram sem matsgögn fyrir skólaárið. Á matsfundinum í maí var rætt um að hætta að skrifa þessar skýrslur deilda þar sem framvinda allra

þátta í starfsáætluninni væri svo ítarlega rædd á matsfundinum að það væri orðin tvöföld vinna að fara í gegnum starfs- og matsáætlunin tvisvar og það væri eingöngu spandans á finnuframlagi.

Náms- og örsögur einstakra barna

Yfir veturinn er gerðar tvær til fjórar og stundum fleiri námssögur fyrir hvert barn og eru þær settar í möppu barnsins þar sem mest allt efni sem barnið vinnur að yfir leikskólagönguna er safnað saman og geymt. Þessar möppur fylgja síðan barninu þegar leikskólagöngunni líkur. Þessar námssögur eða námsskráningar eru greindar með tilliti til þess sem barnið getur og líðan í leikskólanum. Farið er yfir þessar sögur með foreldrum í foreldraviðtölunum og stundum eru myndaskráningarnar ræddar við börnin. Skráningar gefa foreldrum oft á tíðum aðra mynd að barninu sínu sem það þekkir ekki. Mikil ánægja er með þessar námsskráningar meðal foreldra. Oft hefur verið rætt um að hætta þessum matsformi á líðan og námsferli barnanna vegna þess hve mikinn tíma þær taka en vegna ánægju foreldranna með þær heldur þetta skráningarform sem matstæki. Mikill samhljómur var með niðurstöðum námssöguskráninga og þess sem fram kom meðal barnanna sem aðstoðarleikskólastjóri ræddi við, viðhorf foreldra til leikskólastarfsins og þess sem kennarar og aðrir starfsmenn segja um starfið og líðan í leikskólanum. Eitt er víst, þegar öllum líður vel, foreldrar og starfsmenn eru ánægðir þá eru allar líkur á að það skili sér til barnanna sem segja að allir séu svo góðir hvor við annan í leikskólanum.

Foreldraviðtöl

Eins og áður hefur komið fram var öllum foreldrum boðið að koma í foreldraviðtöl þar sem framvinda þroska og líðan barns í leikskólanum var rædd. Boðið var upp á tvö formleg foreldraviðtöl nema þrjú viðtöl við nýja foreldra. Auk þessa hafa foreldrar og eða kennarar barnanna óskað eftir fundi ef ástæða þykir. Á rýnihópsfundum deildarstjóra kom fram mikil ánægja með viðtölin en ekki var gerð rafræn könnun meðal foreldra til þess að finna samhljóm með sjónarmiðum kennaranna eins og áætlað var í matsáætluninni vegna sérstakra ástæðna.

Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Hæðarbóls

Viðhorfskönnun var gerð meðal allra starfsmanna leikskólans sem Skólapúlsinn gerði fyrir hönd Garðabæjar um: a) viðhorf til leikskólans, b) uppeldi og menntun og c) símenntun og undirbúningstíma. Þá sendi leikskólastjóri út tvær kannanir, eina í október og eina í febrúar þar sem spurt var út í sömu eða sambærilega þætti og Skólapúlsinn lagði fyrir í febrúar og bærust leikskólanum í mars. Þá tók leikskólastjóri viðtöl við alla starfsmann leikskólans. Algjör samhljómur var í niðurstöðum þessara kannana/ viðtala nema er varðaði símenntun. Við rýningu á niðurstöðum Skólapúlsins á starfsmannafundi í mars kom í ljós að nokkrir starfsmann höfðu svarað því að þeir hafi ekki fengi næga símenntun sem helgaðist af því að þeir töldu símenntunina sem leikskólinn bauð upp á væri ekki símenntun heldur eingöngu það sem boðið er að sækja á vinnutíma.

Netkannanir meðal kennara

Tvær af þremur netkönnunum voru gerðar meðal starfsmanna þar sem spurt var út í framgang starfsáætlunar og annarra þætti skólastarfsins í ljósi skólanámskrárinnar, sjá fylgiskjal. Könnunin er gerð á Google og vinnur forritið úr niðurstöðunum. Markmið með því að gera þessar kannanir var að finna hvort það væri samhljómur í könnunum þar sem fólk geti verið eitt með sjálfu sér þegar það svarar og þá án sveigðar við álit annarra þegar spurt er í hóp eða einstaklingslega um líðan í starfi, samvinnu og samstarf, samskipti við börn og aðra yfirmenn. Einnig var spurt um framgang menntastarfsins. Allir starfsmenn sem málin vörðuðu svörðu könnunum og var það afar ánægjulegt að niðurstöður þessarar kannana tónuðu fullkomlega við niðurstöður Skólapúlsins og starfsmannaviðtalanna. Niðurstöður voru kynntar á matsfundinum í maí sl.

Innrastarfið

Innrastarfið var með hefðbundnum hætti síðasta ár eins og fyrri ár en með nokkrum áherslubreytingum og var skólanámskráin endurskoðuð síðasta vor í takt við þær. Stundaskráin var með hefðbundnu sniði þar sem skiptist á skipulagður leikur með innlögn á áhersluþætti skólustarfsins hverju sinni og frjáls leikur inni og úti. Eftir aðlögun, fór af stað skipulagt starf þar sem unnið var í lotum með áherslu á íslensku, stærðfræði, lífsleikni, hreyfingu og tónmennt.

Uppeldis- og kennslustarfið tók mið af uppeldisstefnunni *Uppeldi til ábyrgðrar* þar sem tryggt var að börnin fengu tækifæri til að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum. Leikurinn var svo nýttur til þess að þau gætu endurskapað upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi. Börnin fengu tækifæri til að tjá sig á fjölbreyttan hátt með ólíkum efniviði og öðluðust meðal annars skilning á því að ritað mál og tákni hafa merkingu.

Við nýttum margar leiðir til þess að stuðla að heilbrigði og vellíðan barnanna með því meðal annars að hvetja þau til þess að sýna sjálfum sér og öðrum og umhverfi sínum umhyggju. Við hvöttum þau til þess að huga að hollri næringu með því að fá þau til þess að máta það sem þau borða yfir daginn við fæðuhringinn sem er staðsettur fyrir ofan hvert matborð í matsalnum og meta hvort þau hafi borðað vel, illa eða þar á milli. Þá voru þau hvött til fjölbreyttrar hreyfingar og persónulegrar umhirðu á sjálfum sér og fatnaði og öðrum sem þau eiga og tilheyrir þeim í leikskólanum.

Menningin var samofin öllu skólustarfinu og tengdist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Farið var á sinfóniútónleika og leikhús og byggðasöfn sótt heim. Sett voru upp leikrit og söngleikir sem tónuðu við þjóðlegan fróðleik eða aðrar hefðir auk leikrita sem foreldrafélagið bauð börnunum upp á í leikskólanum. Þá var kirkjan heimsótt, farið í sveitaferð til að skoða dýrin í sveitinni og svo lengi mætti telja.

Mat á starfsáætlun

Matið á starfsáætluninni fór fram á skipulagsdegi í maí sl. Kennarar og stjórnendur voru mjög meðvitaðir allt starfsárið um að standa við sett markmið í starfsáætluninni og fyrir vikið náðist góður árangur og samhliða ánægja með vel unnin störf. Að vera með mælanleg markmið í starfs- og matsáætlun sem tekin voru upp reglulega á starfsmanna- og deildarfundum leiddi til þess að kennarar voru sífellt á tánum, voru sífellt að ígrunda með sjálfum sér og samstarfskennurum um það sem betur mátti gera með börnum og fyrir vikið var það samdóma álit þeirra að fagmennska samhliða starfsánægju hafi eflast við aukna ígrundun.

Matið á starfsáætluninni var sett upp með ákveðnum gátlista eða kvarði sem metur gæði starfsins á kvarðanum 1- 5. Í fremsta dálknum (1) eru verkefni sem komust ekki til framkvæmda og eða engin gæði í verkefnunum og í síðasta dálknum (5) eru verkefni sem komust til framkvæmda og samhljómur var með öllum þeim sem lögðu mat á verkefnið að það hafi skilað sér að fullu og mikil sátt með. Í fylgiskjali með skýrslunni má sjá mat á starfsáætlun síðasta skólaárs.

Mat á tímalínu starfsáætlunar

Allar tímasetningar í starfsáætlunni stóðust sem settar voru inn í starfsáætlunina. Ábyrgðaraðilar á því að tímalínan stæðist var á höndum stjórnenda og kennara nema kynningarfundur fyrir foreldra var eingöngu á ábyrgð stjórnenda og foreldraviðtölin voru á ábyrgð stjórnenda og fagmenntaðra kennara. Í fylgiskjali með skýrslunni má sjá tímalínurnar sem settar voru.

Fræðsla til kennara

Ábyrgðin á fræðslu til kennara var á höndum stjórnenda eftir því sem við átti hverju sinni og tók hún mið af áherslum skólastarfsins. Samstarf milli Hæðarbóls, Kirkjubóls og Sunnuhvols var um námskeiðið í slysavörnum sem haldið var í Skátaheimilinu á skipulagsdegi 27. október og Skólafulltrúi leikskóla Garðabæjar var ábyrgur fyrir handleiðslunámskeiðum fyrir deildarstjóra og innleiðingu á matsviðmiðum fyrir leikskólann. Í fylgiskjali má sjá hvaða fræðslu starfshópurinn sótti og eða einstaka kennari.

Mat á matsáætlun

Yfir skólaárið voru gerðar tvær rafrænar kannanir meðal kennara þar sem þeir voru beðnir um að meta ákveðna þætti innra starfsins í ljósi starfsáætlunar. Rafrænar kannanir voru sendar til kennara en ekki til foreldra eins og áætlað var en foreldraviðtöl voru tekin við alla foreldra í október og mars. Í febrúar voru tveir elstu árgangarnir teknir í viðtöl þar sem þau voru spurð út hina ýmsu þætti í innra starfi skólans. Á skipulagsdegi í maí fór kennarahópurinn yfir framgang matsáætlunarinnar með það fyrir augum hvort við höfum staðið við áætlun okkar um að meta ákveðna þætti starfsins eins og við settum okkur fyrir starfsárið á starfsmannafundi í september 2017. Á skipulagsdeginum var farið yfir hvern matsþátt og hann metin með það fyrir augum hvort hann hafi náði fram að ganga.

Nýbreytni og þróunarverkefni

Innleiðing á þróunar- og nýbreytniverkefnum gengu heilt yfir vel fyrir sig. Verkefnin sem unnið var með á síðasta ári voru a) þróun borðhalds í sal, b) stærðfræðikennsla með Numicon kubbum, c) útikennsla á Birkiseli, d) barnakór fjögurra og fimm ára barna, e) lestrarlæsi með verkfærinu Lubbi finnur málbein, f) forvarnarverkefni gegn einelti í leikskóla og g) innleiðing á vefumsjónarkerfi Karellen.

Það má með sanni sjá að öll verkefnin hafi gegnið vel fyrir sig nema þó helst innleiðing á Karellen sem hefði mátt ganga betur, sjá mat á hverjum þætti í fylgiskjali. Ábyrgð á verkefnum voru að jafnaði í höndum stjórnenda og kennara nema í þeim tilvikum þar sem verkefnið var eingöngu unnið á ákveðinni deild. Ábyrgðaraðilar á barnakórnum var þó í höndum verkefnisstjóra og undirleikara sem unnu vel saman.

Barnahópurinn

Í maí voru 53 börn í leikskólanum sem skiptust niður á þrjár deildir. Á yngstu deildinni voru þrettán börn og þrjú árgangar, 2014, 2015 og 2016. Á miðdeild voru tuttugu börn í tveimur árgöngum, 2014 og 2013 og á elstu deild voru tuttugu börn, fædd 2012 og 2013. Stúlkurnar voru 29 og drengirnir 24. Þjónustumagnið sem foreldrar keyptu börnum sínum til handa voru frá 6 klst upp í 9 klst en útseldir tímar voru að jafnaði 445 klst yfir daginn.

Stoðþjónusta

Þrjú börn fengu úthlutaða sérstökum sérkennslutímum á síðasta starfsári og sáu þroskaþjálfar um þjálfun þessara barna. Þrjú börn voru tvítyngd og níu börn glímdu við minniháttar frávik í þroska sem unnið var sérstaklega með á deildum undir handleiðslu sérkennslustjóra. Sérkennslufulltrúi fundaði að jafnaði 1x í mánuði vegna barnanna sem voru með stuðningstíma og var ráðgefandi vegna barnanna sem voru með frávik. Þá kom sálfræðingur í leikskólann og fundaði með kennurum deilda og eða foreldrum og veitti ráðgjöf. Talkennarinn sem þjónustaði leikskólann hætti og verkefnið sett í verktöku.

Mannauður leikskólans

Í maí voru 21 starfsmenn starfandi við leikskólann í 16,33% stöðugildum. Sjö leikskólakennara auk leikskólastjóra deildu með sér 7,4% stöðugildum. Þrír þroskaþjálfar deildur með sé 2,6% stöðugildum þar af var sérkennslustjóri í 100% starfi. Þrír háskólamenntaðir kennarar deildu með sér 2,1% stöðugildum. Fjórir leiðbeinendur skiptu með sér 2,6% stöðugildum og tveir starfsmenn í eldhúsi skiptu með sér 1,6% stöðugildum. Einn starfsmaður í 100% starfi var í veikindaleyfi.

Starfsþróun

Í starfsáætlun síðast árs lögðum við upp með að allir kennara sækji að lámarki eitt námskeið til þess að efla starfsþrosk sinn þar sem við teljum að kennarar gegni lykilhlutverki í skólastarfinu og því þurfi að styðja við þá með því að gefa þeim kost á að afla sér þekkingar til þess að geta sinnt starfinu sem best. Boðið var upp á margvísleg námskeið fyrir kennara á vegum fræðsluskrifstofu Garðabæjar, Kragans og eða annarra menntastofnana. Einnig stóð leikskólinn fyrir fræðslu til kennara. Kennarar voru á námskeiðum í 461 klst á starfsárinu sem jafngildir tæpum 58 starfsdögum. Hins vegar kom það fram í niðurstöðum Skólapólansins að kennara töldu sig ekki fá næga símenntun og þegar málið var rædd á starfsmannafundi þegar niðurstöðurnar voru ígrundaðar kom í ljós að þeir sem höfðu farið lítið út úr húsi á námskeið og töldu sig ekki hafa fengið næga símenntun af þeim sökum. Meðal þeirra námskeiða sem kennara og annað starfsfólk skólans sótti voru;

- PMTO grunnmenntun,
- Slysavarnir,
- Mat á skólastarfi,
- Handleiðslunámskeið,
- Vinátta í leikskólastarfi,
- APES- fænimatslistinn,
- Leið til læsis,
- Ráðstefna um Vináttu,
- Tras, Menntadagur í Garðabæ,
- Svefn, líðan og streita,
- Velliðan í leikskóla með jóga og slökun að leiðarljósi,
- Heimspeki

Samráðsfundir

Margskonar samráðsfundir voru haldnir á síðasta ári. Að jafnaði voru haldnir vikulega stjórnenda- og deildarfundir. Starfsmannafundir voru að jafnaði haldnir mánaðarlega nema yfir sumarmánuðina og það sama á við um leikskólastjórafundi sem verkefnisstjóri leikskóla á skólaskrifstofu hélt með leikskólastjórum. Sérkennslufulltrúi setti á reglulega fundi í leikskólanum til að fjalla um einstök börn og veita ráðleggingar en vegna veikinda urðu fundirnir ekki eins tíðir eins og áætlað var. Sálfræðingur og talmeinafræðingur komu á fundi þegar eftir því var kallað til þess að veita ráðgjöf og eftirfylgd. Ýmisskonar forstöðumannafundir voru líka á vegum Garðabæjar þar sem ýmisskonar málefni voru tekin til umfjöllunar sem og samræmingaraðgerðir vegna stjórnáslunnar.

Foreldrasamstarf

Allir nýjir foreldrar voru boðaðir í maí þar sem þeim var kynntur leikskólinn, farið var yfir helstu áherslur í starfi hans, leikskólasamningur um vistun barnsins undirritaður, rætt um aðlögun og annað sem foreldrar óskuð eftur að fá upplýsingar um. Þá voru nýjir foreldrar líka boðaðir í sérstakt upphafsviðtal við deildarstjóra þar sem deildin var kynnt, kennarar deildarinnar kynntir og farið yfir áherslur deildarinnar og spurningum svarað. Almennur kynningarfundur um vetrarstarfið var haldinn í lok ágúst 2017 en það var illa mætt á þann fund. Á matsfundinum sem haldinn var í maí ræddi kennarahópurinn um slaka mætingu á þennan fund. Ákveðið var að hafa kynningarfundinn seinna þegar líða fer á vetrarstarfið og jafnvel ekki fyrr en eftir áramót þegar reynsla væri komin á þróunarverkefnið sem við erum að hrinda úr vör næsta haust um breytta kennsluhætti.

Sömu foreldrar eru í foreldraráði og foreldrafélagi og funduðu þau eftir þörfum ýmist hér í leikskólanum eða utan hans auk tölvusamskipta. Foreldrafélagið studdi eins og áður við skólastarfið á fjölbreyttan hátt í samstarfi við okkur og greiddu kostnað vegna danskennslu, sveitaferðar, leikrits, jólagjafir fyrir börnin og hoppkastal á íþróttadegi.

Öryggismál

Slys gera ekki boð á undan sér og urðum þrjú börn fyrir því óláni að slasast sem hafði í för með sér heimsókn á slyssavarðstofuna. Að öðru leiti urðu ekki alvarleg slys á börnum. Engin slys urðu á kennurum eða öðru starfsfólki í starfi.

Eldvarnareftirlit er í leikskólanum en mánaðarlega fara börnin ásamt kennara yfir öll öryggisatriðið er varðar eldvarnaröryggi. Mánaðarleg skýrsla þar um er send á forstöðumann fasteigna þar sem gerð er grein fyrir stöðu mála, hvað er gott eða hvað má betur fara.

Slökkviliðið kom í sína árlegu heimsókn og áréttaði eldvarnirnar í leikskólanum. Fulltrúar þeirra voru með námskeið fyrir elstu börnin og yfirfóru með stjórnendum það sem ábótavant var í brunavörnum skólans. Skýrsla þar um var send forstöðumanni fasteigna. Klemmuvarnir eru í góðu lagi og viðbrögð eru snör af hendi fasteiganfélagsins ef þær gefa sig. Eftirlit með garði er í góðum höndum Þóris Sigursteinssonar sem kemur reglulega í heimsókn, fer yfir garðinn og fylgist með því að alls öryggis sé gætt.

Húsnæði og viðhald

Miðdeildin var máluð á síðasta ári sem og allt miðrými. Annar af kælikápunum gaf sig og nýr keyptur í staðinn. Ofninn í eldhúsinu var kominn til ára sinnar og gaf sig og nýir ofnar voru keyptir í staðinn auk helluborðs en hið gamla var líka farið að gefa sig. Ofnarnir sem settir voru upp taka meira rými en sá sem var fyrir og þrengist vinnuástaðan af þeim sökum enn meira.

Við höfum óskað eftir heilmálun á yngstu og elstu deild sem og að fjarlægja sólbekki í setustofu til að auka þar rými. Við höfum óskað eftir að bekkirnir í fataklefa barnanna verði teknir upp, pússaðir og lakkaðir. Við höfum líka óskað eftir lítilli innréttingu í setustofu. Síðustu ár hefur verið óskað eftir þvottahúsaðstöðu og bíslagi fyrir framan innganga deilda svo hægt sé að koma fyrir þurrskápum til að þurrka fatnað barnanna. Þá þyrfti líka að mál þakið og gera við skemmdir á húsinu utanverður. Æskilegt væri að koma lóðinni í það horf sem lagt var upp með fyrir hrúnið mikla og setja leiktæki á neðrihluta lóðarinnar en þar er ekkert tæki.

Lokaorð

Síðasta ár var farsælt eins og árin á undan. Stöðuleiki var í starfmannahaldi og starfsandinn einstaklega góður sem ber að þakka. Í þessum lokaorðum vil ég þakka kennurunum sem létu af störfum eftir farsæl ár í starfi en þeir munu takast á við ný og krefjandi verkefni í grunnskólum á komandi árum. Matráður okkar er í langvarandi veikindi en kemur vonandi fljótt aftur til starfa á nýju starfsári. Við höfum átt gott samstarfi við brautarstjóra íþróttabrautar FG um íþróttakennslu fyrir tvo elstu árgangana, barnakórinn okkar gekk vel og erum við afar stoltar af honum sem og öllu öðru faglegu starfi í leikskólanum sem unnið er af mikilli fagmennsku. Heilt yfir hefur lánið leikið við okkur og heilsa starfsmenna verði góð. Eins og í leikskólum þar sem starfsaldurinn er í hærri kantinum þá var töluvert um launalaus leyfi sem gerði róðurinn stundum erfiðan en með samtakamættinum komumst við yfir þær hindranir. Við vilum þakka Lionsklubbum á Álftanesi fyrir útskrifta- og ævintýraferðina sem þeir buðu elstu börnunum okkar upp á og var ferðin einstaklega vel lukkuð. Það má líka segja að það sé forréttindi að hafa foreldrahóp eins og við á Hæðarbóli höfum haft síðustu ár og viljum við þakka þeim fyrir einstaklega gott, gefandi og ánægjulegt samstarf. Samstarfið við stoðþjónustu leikskóla var mjög gott og þökkum við öllum þeim fyrir sem hafa verið okkur innan handar þegar við höfum þurft á því að halda. Fasteignafélaginu þökkum við líka gott samstarf sem og starfsmönnum áhaldahúss. Síðast og ekki síðst þakka ég sem skrifa þessa skýrslu öllu mínu fólki fyrir vel unnin störf og án þess hefði fagstarfið ekki gengið eins vel og raun ber vitni.

Í svona skýrslu er stiklað á stóru og aldrei hægt að koma öllu því til skila sem æskilegt væri en það er nú einu sinni svo að við erum öll fædd undir sama himninum þótt við styðjumst ekki öll við sömu lífsgildin en við erum það sem við trúum á að við séum og niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins frá því á síðast ári og könnun Skólapúlsins á þessu ári staðfestir það sem og góðir straumar frá foreldrum☺